



Lúxemborg, 12. desember 2024

FRÉTTATILKYNNING 16/2024

Dómur í máli E-8/24 *Nordsjø Fjordbruk AS* gegn *norska ríkinu*

LÖG UM DÝRAHEILBRIGÐI OG SMITVARNIR Í LAGARELDI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Hæstarétti Noregs (*Norges Høyesterett*) varðandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um dýraheilbrigði nr. 2016/429 („reglugerðin“). Í máli þessu var skoðað hversu víðtækt vald landsyfirvöld hafa til að hafa stjórn á sjúkdómahættu í lagareldi og jafnvægið milli varúðarráðstafana og athafnafrelsis fyrirtækja.

Mál þetta á uppruna sinn í því þegar Nordsjø Fjordbruk AS, norskt lagareldisfyrirtæki, mótmælti ákvörðun norsku Matvælaöryggisstofnunarinnar um synjun samþykkis á rekstraráætlun fyrirtækisins fyrir lagareldissvæðið í Nappeholmane. Þrátt fyrir að engar vísbendingar væru um staðbundna sjúkdóma á svæðinu töldu stjórnvöld, á grundvelli hættu á duldu sjúkdómum og möguleika á að smit gæti átt sér stað við flutning, að fyrirhugaður flutningur á fiski frá öðru lagareldissvæði færi yfir viðunandi áhættustig.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt reglugerðinni er innlendum yfirvöldum heimilt að setja takmarkanir eða synja um samþykki þegar sjúkdómahætta er metin óviðunandi. Enn fremur komst EFTA-dómstóllinn að því að slíkar ráðstafanir verða að vera byggðar á óháðu, hlutlægu og gagnsæju vísindalegu áhættumati. Þótt áætluð áhætta nægi ekki til að réttlæta slíkar takmarkanir, heimilar varúðarreglan fyrirbyggjandi aðgerðir sem byggðar eru á rökstuddum grun.

Enn fremur benti EFTA-dómstóllinn á að EES-ríki geta beitt strangari smitvörnum svo framarlega sem þær eru í samræmi við reglugerðina. Í andstöðu við það sem Nordsjø Fjordbruk AS heldur fram getur ráðstöfun, sem í meginatriðum bannar flutning fisks milli lagareldisstöðva, verið í samræmi við reglugerðina, að því tilskildu að heilbrigðisyfirvald aðildarríkis á sviði dýra og dýraafurða, á grundvelli sérstaks og vísindalegs áhættumats í samræmi við varúðarregluna, ákveði að sjónarmið um heilbrigði fiska á einstökum stað eða svæði gefi tilefni til slíkrar ráðstöfunar.

Þetta ráðgefandi álit er hluti af málsmeðferð fyrir Hæstarétti Noregs, sem mun nú hefja málsmeðferð sína að nýju og dæma í málinu í ljósi túlkunar EFTA-dómstólsins á reglugerðinni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: eftacourt.int/cases/e-0824/

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.